



Félagssfundur Mannvirkis – félags verktaka

Áhrif átaksins Allir vinna á byggingarvísitölu



Ferill málsins og álitaeefni



Ferill máls

- **19. maí 2020:** Hagstofa Íslands tilkynnti að vísitala byggingarkostnaðar, sem reiknuð var um miðjan maí 2020, væri 147,6 og hefði því lækkað um 2,8% Lækkun vegna Allir vinna.
- **25. maí 2020:** Samtök iðnaðarins senda erindi á fjármála- og efnahagsráðuneytið þar sem bent var á þessa stöðu og óskað viðbragða.
- **29. maí 2020:** Erindi SI ítrekað og sent minnisblað til ráðuneytisins
- **30. júlí 2020:** Minnisblað Landslaga um áhrif Allir vinna og heimild til að beita grein 5.1.13 í ÍST 30:2012
- **26. ág. 2020:** SI óskar eftir endurskoðun á vísitölu byggingarkostnaðar
- **9. sept. 2020:** SI sendir erindi á opinbera verkkaupa vegna lækkunar byggingarvísitölu
- **25. sept. 2020:** Svar NLSH með minnisblað frá Lex lögmannsstofu, dags. 23. júní 2020
- **5. nóv. 2020:** Svar Vegagerðarinnar
- **18. des. 2020:** Erindi til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- **23. feb. 2021:** Svar Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
- **24. mars 2021:** Stjórn SI samþykkti að styrkja málshöfðun vegna áhrifa Allir vinna átaksins á byggingarvísitölu á samningsfjárhæðir verksamninga

Málið í hnotskurn

- Allir vinna átakið sem hófst 2009 leiddi til sambærilegrar lækkunar á byggingavísitölu (um 3,1%)
- Í dómum Hæstaréttar í málum nr. 392 og 417/2011 reyndi á heimild verktaka til hækkunar verkgreiðslna byggt á ÍST 30:2003, grein 31.12.

Báðir aðilar geta krafist breytinga á samningsfjárhæð ef fram koma á samningstímabilinu breytingar á lögum og/eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum er hafa áhrif á kostnað sem reglur um verðbreytingar í samningi endurspeгла ekki.

- Niðurstaðan var sú að ákvæðið tæki eingöngu til þeirra aðstæðna að breyting á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hafi áhrif á „**kostnað**“ **verktaka** af því að leysa verk af hendi.
 - Kröfum verktaka um breytingu á samningsfjárhæð (hækkun verkgreiðslna) var hafnað.
- Ákvæði ÍST staðalsins var þá breytt með það að markmiði að ákvæðið næði til þessarra aðstæðna.
 - Farið var yfir öll bakgrunnsgögn en ljóst var að þau voru ófullnægjandi
- Nú reynir á túlkun þess nýja ákvæðis.


ÍST 30: 2012 – Grein 5.1.13

Báðir aðilar geta krafist breytinga á samningsfjárhæð ef fram koma á samningstímabilinu breytingar á lögum, almennum stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar breytingar er hafa áhrif á kostnað **verktaka eða verkkaupa, til hækkunar eða lækkunar** sem reglur um verðbreytingar í samningi endurspegla ekki.

Niðurstöður minnisblaðs Landslaga

- Nærtækast að skýra grein 5.1.13 í ÍST 30:2012 þannig að *verktaki geti krafist breytingar á samningsfjárhæð* þegar breytingar á lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum hafa í för með sér lækkun á kostnaði verkkaupa, sem ekki er endurspegluð í reglum um verðbreytingar í samningi, og sú lækkun er þess eðlis, að hún hefði verið til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun samningsaðila við samningsgerð, hefðu aðilar haft vitneskju um hana fyrir fram.
- Sú lækkun byggingavísitölu sem leiddi af 7. gr. nýrra laga nr. 25/2020 eitt af fáum raunhæfum tilvikum þar sem verktaki getur á grundvelli gr. 5.1.13 í ÍST 30:2012 krafist breytinga á samningsfjárhæð vegna breytinga á kostnaði verkkaupa.

Brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar



Brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar

- Samtökin sendu erindi á forsætisráðuneytið og óskuðu eftir endurskoðun á lögum um byggingarvísitöluna samhliða óskum um endurskoðun nágildandi samninga.
- Starfshópur var stofnaður í september 2020.
 - Fulltrúar frá SI, Hagstofunni og forsætisráðuneytinu.
 - Fundað vikulega og með öllum hagaðilum málsins.
- Ákvörðun um að leggja niður sérlögin um byggingarvísitöluna og samræma þannig útreikninga hennar við aðferðarfræði sem notast er við á nágrannalöndum.
- Frumvarp til laga um brottfalla laga um vísitölu byggingarkostnaðar er nú til umræðu á Alþingi.
 - Engin mótmæli bárust á samráðsgátt stjórnvalda.
 - Verður lögfest á næstu vikum.

Brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar

- Frumvarpið er samið í forsætisráðuneyti í samvinnu við Hagstofu Íslands. Í því felst að sérlög um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987, eru felld úr gildi enda eru lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007, talin nægjanleg.
- Jafnframt eru lagðar til breytingar á lögum um gatnagerðargjald, nr. 153/2006, sem vísa í þau lög sem lagt er til að felld verði úr gildi, og gjaldstofn gatnagerðargjalds gerður skýrari og formfastari en nú er.
- Fyrir liggur að launataxtar kjarasamninga og breytingar á virðisaukaskatti orsaka tilfærslur í mælingum vísitölnunnar sem valdið hafa notendum vanda. Kallað hefur verið eftir stöðugri mælikvarða sem hreyfist með verðbreytingum á byggingamarkaði af meiri næmni.
 - Gildandi reglur hafa haft í för með sér eftirfarandi vandkvæði:
 1. *Vísitalan bregst við (óreglulegum) breytingum á virðisaukaskatti og endurgreiðsluhlutfalli virðisaukaskatts til einkaaðila sem byggja sjálfir.*
 2. *Tenging byggingarvísitölu við laun í byggingariðnaði kemur fram í skörpum breytingum jafnhliða áföngum í kjarasamningum. Helstu áfangar kjarasamninga koma fram við undirritun samninga og við árlegar hlutfallshækkunarir sem tilgreindar eru í samningum. Þessi framkvæmd nemur ekki launapróun sem verður á öðrum tímabilum.*

Brottfall laga um vísitölu byggingarkostnaðar

- Lög um vísitölu byggingarkostnaðar, nr. 42/1987, **falla úr gildi 1. janúar 2022.**
- Vinna þegar hafin með Hagstofunni við að undirbúa innleiðingu á nýrri byggingarvísitölu.

Takk fyrir

